

Mánudaginn 13. nóvember 1967.

Nr. 105/1967. **Hermann Haraldsson** (Gunnar Jónsson hrl.)
 gegn
Páli Pálssyni (Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ögildingarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. júlí 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. júní s. á. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi felldur og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Árið 1958 seldi stefndi íbúð, er hann átti í fasteigninni nr. 76 við Miklubraut hér í borg. Kaupandi var Sigurlaug Helgadóttir, sem galt kaupverðið m. a. með veðskuldabréfi því, sem mál þetta fjallar um. Skuldabréfið gaf hún út hinn 25. júní 1958 til handhafa. Fjárhæð þess, kr. 130.000.00, skyldi greidd á tíu árum með jöfnum árlegum afborgunum. Gjald dagar voru 25. júní ár hvert, í fyrsta sinn 25. júní 1959. Var skuldin tryggð með veði í greindri íbúð. Í desembermánuði 1958 fól stefndi Ingólfi nokkrum Jónssyni skuldbréf þetta til geymslu og innheimtu. Var einnig svo um talað, að Ingólfur seldi skuldabréfið, ef þess væri kostur, en sala væri þó háð samþykki stefnda um söluverðið. Kveður stefndi Ingólfur hafa frá upphafi afhent sér jafnóðum áfallnar greiðslur samkvæmt skuldabréfinu, en síðasta greiðsla Ingólfs hafi verið fyrir árið 1964.

Í byrjun októbermánaðar 1964 var hafin sakamálsrannsókn út af ætluðum fjárdætti nefnds Ingólfs Jónssonar og þ. á m. meðferð hans á skuldabréfinu. Í þinghaldi 30. s. m. var Ingólfur spurður um skuldabréfið, og kvaðst hann ekki muna „til þess að hafa selt það eða látið það af hendi og veit ekki, hvar það nú er niður komið“. Í þinghaldi 26. næsta mánaðar kvaðst Ingólfur „hljóta að hafa selt það eða ráð-

stafað því með öðrum hætti til einhvers annars manns eða aðilja“.

Hinn 14. apríl 1965 sendi stefndi yfirborgardómaranum í Reykjavík beiðni um útgáfu stefnu til ógildingar veðskulda-bréfinu. Segir svo m. a. í beiðninni: „Hefur alltaf verið greitt reglulega af bréfinu, en nú hefur Ingólfur borið fyrir sakadómi Reykjavíkur, að bréfið sé glatað og getur enga skýringu á því gefið, hvað orðið hefur af því“. Opinber stefna var gefin út sama dag. Málið var þingfest hinn 29. júní 1965, en enginn sótti þing til að andmæla ógildingar-kröfunni. Var málið dómtekið sama dag og dómur kveðinn upp 30. sama mánaðar.

Sakamálsrannsóknin á hendur Ingólfi Jónssyni leiddi síðar í ljós, að hann hafði án vitundar stefnda selt og afhent áfrýjanda skuldabréfið árið 1960, en eftirstöðvar þess voru þá kr. 104.000.00. Stóð Ingólfur áfrýjanda skil á áföllum greiðslum árin 1961, 1962, 1963 og 1964, og var í hvert skipti áritað á bréfið, sem var í vörzlum áfrýjanda, um greiðslurnar. Áfrýjandi krafði eigendur hinnar veðsettu íbúðar um áfallnar greiðslur í gjalddaga árið 1965. Voru þær inntar af hendi 28. júní s. á. og skuldabréfið áritað í samræmi við það. Stuttu eftir gjalddaga bréfsins árið 1966 krafði áfrýjandi sömu aðilja um greiðslu vaxta og afborgana, en var þá tjáð, að ógildingardómur hefði gengið um skulda-bréfið. Var áfrýjanda neitað um greiðslu af þeim sökum, en stefnda greiddir áfallnir vextir og afborganir það ár og síðan árið 1967.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, var eigi fyrir hendi það skilyrði til ógildingardóms samkvæmt 216. gr. laga nr. 85/1936, að veðskuldabréfið væri glatað eða horfið, en gögn um þetta efni mátti áfrýjandi koma að í Hæstarétti, sbr. 98. gr. sömu laga. Ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi, en eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. júní 1965.

Mál þetta, sem þingfest og dómtekið var 29. júní 1965, hefur Páll Pálsson, Drápuhlíð 19, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með opinberru stefnu, útgefinni 14. apríl 1965, en birtri 26. apríl 1965, til ógildingar handhafaskuldabréfi, útgefnu hinn 25. júní 1958 af Sigurlaugu Helgadóttur, Barmahlíð 6, Reykjavík.

Skuldabréfið telur stefnandi hafa verið upphaflega að fjárhæð kr. 130.000.00, en nú að eftirstöðvum kr. 52.000.00, það sé tryggt með 2. veðrétti og uppfærslurétti í eignarhluta útgefanda þess í húseigninni nr. 76 við Miklubraut hér í borg.

Stefnandi kveður sig vera eiganda téðs skuldabréfs, en bréfið hafi glatazt og sé sér því nauðsyn að fá það ógilt með dómi.

Stefna hefur verið gefin út í máli þessu og birt lögum samkvæmt, en enginn sótt þing til að andmæla dómkröfum.

Verður því að taka kröfur stefnanda til greina.

Hrafn Bragason, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreint handhafaskuldabréf skal vera ógilt.

Mánudaginn 13. nóvember 1967.

Nr. 85/1967. **Páll S. Pálsson**
f. h. Gjaldstofu Færeya
 gegn
Rasmus Rasmussen.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávisun. Stef nubirting.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 5. maí 1967, sem Hæstarétti barst 29. s. m. Hann krefst þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm í málinu. Hann krefst kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.